

60 Útgefið í tveim eintökum í London, Done in duplicate at London the 1st
30. des. hinn 1. maí 1922. of May, 1922.

Í umboði Íslands.

P. F. Ahlefeldt-Laurvig. *Curzon of Kedleston.*
(L. S.) (L. S.)

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 30. desember 1924.

Jón Magnússon.

61
30. des.

AUGLÝSING

um

ákvæði, er stjórn Íslands og sambandsstjórn Austurríkis hafa orðið ásáttar um
að gilda skuli um verslunarviðskifti milli landanna.

Stjórn Íslands og sambandsstjórn Austurríkis hafa með brjefum 27. og 30. júní 1923 komið sjer saman um að gilda skuli, þangað til fullnaðarsamningur er gerður, ákvæði verslunar- og siglingarsamnings þess, er gerður var milli Danmerkur og Austurríkis—Ungverjalands 14. mars 1887, með þeirri breytingu, að uppsagnarfresturinn, sem ræðir um í 6. gr. nefnds samnings, færist niður í 3 mánuði

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 30. desember 1924.

Jón Magnússon.

62
30. des.

AUGLÝSING

um

ákvæði, er stjórn Íslands og Portúgals hafa orðið ásáttar um, að gilda skuli
um verslunarviðskifti milli landanna.

Stjórnir Íslands og Portúgals hafa með brjefum 9. apríl og 9. maí 1923 komið sjer saman um að gilda skuli í viðskiptum milli landanna ákvæði samn-

ings milli Danmerkur og Portúgals frá 14. desbr. 1896 á meðan vín frá Portúgal, sem ekki er í meira en 21% af vínanda, eru undanþegin banni á innflutningi áfengra drykkja, sem í gildi eru á Íslandi. En þar sem Ísland hefir engar nýlendur, ber að skoða orðin „eða frá nýlendum þess“ og sömuleiðis orðin, sem standa í sambandi við þau, „útflutt frá mórlandinu“, sem útstrikud.

Þessi ákvæði ber að skoða sem samning milli þessara tveggja ríkisstjórna, er gildi frá 25. maí 1923.

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 30. desember 1924.

Jón Magnússon.

AUGLÝSING

um

verslunarsamning milli konungsríkisins Íslands og konungsríkisins Spánar.

Stjórnir Íslands og Spánar hafa 23. júlí 1923 gert svofeldan verslunarsamning, sem saminn hefir verið á frönsku.

SAMNINGUR.

Til þess að tryggja og auka verslunarskipti milli Íslands og Spánar hafa undirritaðir, sem til þess hafa löglegt umboð, orðið ásáttir um eftirfarandi samning.

En vue d'assurer et de développer les relations commerciales entre l'Islande et l'Espagne, les soussignés dûment autorisés à cet effet, sont convenus de la Déclaration suivante.

1. gr.

Ísland og Spánn skuldbinda sig til að veita hvort öðru í öllu því er að verslun, siglingum og öðrum atvinnurekstri lýtur, og ennfremur að því er snertir skatta, gjöld (að undanskildum tollgjöldum) og öll önnur álög, jafngóð kjör sem þau, er veitt eru eða veitt kunna að verða þjóð þeirri, er bestu kjörum sætir, enda komi þetta ekki í

Article 1.

Sauf dispositions contraires contenues dans les articles suivants l'Islande et l'Espagne s'engagent à s'accorder réciproquement, en tout ce qui concerne leur commerce, leur navigation et toute autre industrie, ainsi qu'au sujet des taxes droits (à l'exception des droits de douane) et toutes autres contributions, un traitement aussi favorable que celui

62
30. des.

63
30. des.